

1857. Þann á hendur um þann tíma, sem hinn átti eptir, því annars
6. janúar. væri hætt við, að fleiri en einn nefndarmaður færi frá í einu,
og væri það beinlínis móti því sem til var ætlaðt.

21. janúar. **4. Lög um skrifstofupeninga handa amtmönnum og landfógetanum á Íslandi.**

Vér Friðrik hinn Sjöundi o. s. frv. Gjörum kunnugt: Lög þessi hefir ríkisþingið fallizt á og Vér staðfest með samþykki Voru:

Frá 1. dag aprílmán. 1857 fær stiptamtmaðurinn og amtmennirnir á Íslandi þessa skrifstofupeninga:

stiptamtmaðurinn	1200 rd.
amtmaðurinn í norður- og austuramtinu	600 -
amtmaðurinn í vesturamtinu	550 -

Frá sama tíma fær landfógetinn á Íslandi til skrifstofuhalds 300 -.

Greiða má út kostnað þann sem rís af lögum þessum á ríkisfjár-árinu 1857—1858.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr að hegða.

Samhljóða hinum danska texta, vitnar

Oddg. Stephensen.

14. marz. **5. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins og amtmannanna á Íslandi um sóttvarnarhald á Íslandi á skipum frá Norvegi.**

Utanríkisstjórnin hefir sent fyrirspurn um, hvort skip frá Kristjánssandi í Norvegi, hvar bólusótt nú sem stendur gengur, geti legið í sóttvarnarhaldi á Íslandi ef á þyrfti að halda. Í tilefni af þessu hefir dómsmálastjórnin sent utanríkisstjórninni